

Sp.

576. Nefndarálit

[200. mál]

um till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina að staðfesta samkomulag milli Íslands og Noregs um fiskveiði- og landgrunns-mál.

Frá minni hl. utanríkismálanefndar.

Í viðræðum við Norðmenn um Jan Mayen-svæðið hafa Íslendingar byggt stefnu sína á sögulegum rétti eins og hann birtist m. a. í yfirlýsingu ríkisstjórnar Jóns Þorlákssonar 1927, á efnahagslegu mikilvægi svæðisins fyrir Ísland, á landfræðilegum samanhurði, alþjóðlegum rétti og þeirri staðreynd að Jan Mayen er óbyggð eyja, en Ísland byggir þjóð sem er algjörlega háð auðlindum hafsins.

Í samræmi við þessi grundvallarviðhorf hafa Íslendingar í samningum við Norðmenn sett fram tillögur um sameiginleg yfirráð, sameiginlega fiskveiðilögsögu, sameiginlega stjórnun á nýtingu auðlinda hafs og hafsbotns og um helmingsrétt Íslendinga til veiða á öllum fiskstofnum svæðisins, bæði flökkustofnum og staðbundnum stofnum. Norðmenn hafa hafnað öllum þessum tillögum. Þeir hafa enn fremur neitað Íslendingum um samkomulag, sem fæli í sér tryggingar fyrir Íslendinga varðandi:

- a) Veiðar á loðnu og öðrum flökkustofnum; Norðmenn samþykki afdráttarlausan rétt Íslendinga til ákvörðunar á hámarksafli loðnu og viðurkenni hann í viðræðum við þriðja aðila; hlutfall Norðmanna af heildarafli loðnu verði bundið við svæðið utan efnahagslögsögu Íslands og taki ekki breytingum nema með samþykki íslenskra stjórnvalda;
- b) að samningar um skiptingu landgrunnsins takist áður en Norðmenn taki sér 200 mílna efnahagslögsögu við Jan Mayen;
- c) að rannsóknir og vinnsla á landgrunni Jan Mayen-svæðisins verði háðar samþykki Íslendinga eða óháðs úrskurðaraðila til að tryggja að lífríki hafsins verði ekki stefnt í hættu.

Þótt það samkomulag, sem gert var í Osló hinn 10. maí s. l. og Alþingi er nú ætlað að heimila ríkisstjórninni að staðfesta, sýni að á síðasta sólarhring viðræðn-

anna hafi Norðmenn loksins verið farnir að þokast í áttina að sjónarmiðum Íslendinga, felur samkomulagið ekki í sér neinar þær tryggingar, sem Íslendingum eru nauðsynlegar. Þingflokkur Alþýðubandalagsins er því þeirrar skoðunar, að ekki eigi að staðfesta samkomulagið nú, heldur óska eftir áframhaldandi viðræðum til þess að samkomulag þjóðanna sé hvað hagsmuni Íslendinga snertir búið nauðsynlegum tryggingarákvæðum.

Í samræmi við þessa skoðun þingflokks Alþb. hefur undirritaður, minni hl. utanríkismálanefndar, flutt breytingartillögu við þáttinn á sérstöku þskj. Í breytingartillögunni er að finna lýsingu á grundvelli áframhaldandi viðræðna og þeim tryggingarákvæðum, sem Íslendingum eru nauðsynleg. Jafnframt er kveðið á um að Alþingi lýsi yfir, að með tilliti til sögulegs réttar Íslendinga, efnahagslegs mikilvægis Jan Mayen-svæðisins fyrir þjóðina og langvarandi vináttu Íslands og Noregs treystir Alþingi því að Norðmenn sýni Íslendingum þá sanngirni að fallast á áframhaldandi viðræður við Íslendinga um þau tryggingarákvæði sem hagsmunum Íslendinga eru nauðsynleg.

Fallist Alþingi ekki á að samþykkja þá breytingartillögu, sem minni hl. utanríkismálanefndar flytur á sérstöku þingskjali, leggur undirritaður til að þingsályktunartillagan um að heimila ríkisstjórninni að staðfesta samkomulagið verði felld.

Það er hjargföst skoðun undirritaðs, að samkomulagið sem gert var í Osló, muni á engan hátt leysa deilur Norðmanna og Íslendinga um fiskveiðar og landgrunnsréttindi á Jan Mayen-svæðinu, þrátt fyrir þetta samkomulag muni Íslendingar þurfa á næstu misserum og árum að sækja áfram rétt sinn. Þá er betra að vera óbundinn af viðurkenningu á 200 milna lögsögu Norðmanna við Jan Mayen, einkum þegar Laft er í huga að það samkomulag, sem nú liggur fyrir, veitir Íslendingum engar tryggingar og Norðmenn geta á margvíslegan hátt túlkað það Íslendingum í óhag og talið sig óbundna af mikilvægum ákvæðum þess, þegar kemur til viðræðna við þriðja aðila, svo sem Efnahagsbandalag Evrópu.

Undirritaður telur því að fyrri kröfugerð Íslendinga, allt frá yfirlýsingu ríkisstjórnar Jóns Þorlákssonar 1927 og til þeirra tillagna, sem Íslensk stjórnvöld lögðu fram í síðustu viðræðunum í Osló, standi enn óhöggud og muni koma þjóðinni að fullum notum í þeim óhjákvæmilegu áframhaldandi deilum, sem verða við Norðmenn varðandi Jan Mayen-svæðið.

Samkomulagið, sem gert var í Osló, felur ekki í sér viðurkenningu á grundvallarréttindum Íslendinga og veitir þjóðinni ekki þær tryggingar, sem nauðsynlegar eru. Því ber að halda áfram baráttunni fyrir viðurkenningu þessara réttinda. Samkomulagið leysir ekki deilur Norðmanna og Íslendinga um auðlindir hafs og hafsbotsn á Jan Mayen-svæðinu.

Alþingi, 19. maí 1980.

Ólafur Ragnar Grímsson.